

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 554/1996 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á III. viðauka:

1. Undir yfirskriftinni „Veirur“:

- í stað „Óvenjulegir skaðvaldar sem tengjast (i)“ kemur „Óhefðbundið smitefni (príon) sem tengist príon sjúkdómum (transmissible spongiform encephalopatier (TSE) = svampkenndur smitandi heilasjúkdómur)“;
- eftirfarandi skaðvöldum er bætt við undir yfirskriftinni „Óhefðbundið smitefni (príon) sem tengist príon sjúkdómum (transmissible spongiform encephalopatier (TSE) = svampkenndur smitandi heilasjúkdómur)“;
- og eru flokkaðir sem hér segir á eftir Creutzfeldt-Jakobs-sjúkdóminum
- „afbrigði af Creutzfeldt-Jakobs-sjúkdómi“ sem flokkast í áhættuflokk 3 (***) með athugasemdinni D^d);
- „BSE (Bovine spongiform encephalopati), (kúariða) og aðrir skyldir príonar(i)“, sem flokkast í áhættuflokk 3 (**), með athugasemdinni D^d).

2. Orðalag á neðanmálgrein „(i)“ sem kemur á eftir lista yfir veirur, er skipt út fyrir eftirfarandi:

„Það liggja ekki sannanir fyrir um smitun í mönnum af völdum annarra skyldra príona. Þrátt fyrir það er mælt með innilokunarstigi á rannsóknarstofum sem miðast við meðhöndlun í áhættuflokki 3 (***) sem varúðarráðstöfun fyrir utan rannsóknarstofuvinnu sem er í tengslum við áður þekktan riðu (scrapie) skaðvald þar sem innilokunarstig í áhættulokki 2 er nægjanlegt“.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 39. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 97/65/ESB, eru hér með staðfestar til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. ágúst 1998.

F. h. r.

Sturlaugur Tómasson.

Elín Blöndal.

REGLUR

um bókhald, reikningsskil og upplýsingagjöf ferðaskrifstofa.

1. gr.

Reglur þessar er settar með stoð í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 117/1994 um skipulag ferðamála með síðari breytingum. Markmiðið með reglunum er að tryggja að fyrir liggja nauðsynlegar upplýsingar til að hafa eftirlit með að tryggingar ferðaskrifstofuleyfifisha vegna tryggingarskyldrar starfsemi séu í samræmi við fyrrgreind lög.